

Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn föstudaginn 8. maí kl. 14:30 í netheimum í gegnum Teams.

Mætt voru: Eva Einarsdóttir formaður,
Örn Þórðarson, aðalfulltrúar Reykjavíkurborgar
Eiríkur Orri Agnarsson,
Stefán Hilmarsson,
Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins
Haraldur Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna
Kolbeinn Freyr Björnsson, áheyrnarfulltrúi nemenda
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fréttir af skólastarfinu.

Skólameistari fór yfir gang kennslu og skólastarfs síðan samkomubann var sett á. Kennslu snúið til fjarkennslu yfir helgi, engir nemendur komið í skólann síðan 13. mars og nú eru þau að taka próf, líka á netinu.

Spurt um brottfall úr skóla vegna þessa. Ekki orðið vör við það en vitum þó af því að þetta reynist nemendum misauðvelt.

Fulltrúi nemenda lýsir því að skipulag kennara hafi verið misjafnt en heilt yfir verið frekar leiðinlegt að læra á þennan hátt. Fulltrúi starfsmanna taldi kennslu í fjarnámi meiri vinnu og snúnari. Báðir lýstu söknuði við að hittast ekki í kennslustofunni.

Allt bendir til þess að kennsla geti hafist á eðlilegum tíma í haust. Á eftir að meta reynsluna af þessum tíma og kennsluhættir breytast kannski í kjölfarið.

Rætt um kjör í embætti Keðjunnar sem fór fram í lok apríl. Framboðsfundir og kynningar fóru fram á samfélagsmiðlum og kosning rafræn í gegnum Innu.

Brautskráning stúdenta mun fara fram í Háskólabíói 14. ágúst n.k. Prófskírteini stúdenta afhent í lok maí.

Næsti fundur verður haldinn í haust í raunheimum 2020.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:10.